



Hafnarfirði, 10. september 2019

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Minnisblað

Efni: Hvatning til að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla – útfærsla á endurskoðuðum reglum frá árinu 2016.

Árið 2016 voru samdar reglur um möguleika á námssamningur við starfsfólk leikskóla um stuðning í námi í leikskólafræðum til að öðlast leyfisbréf í leikskólakennarafræðum (núverandi reglur eru í fylgiskjali). Gerðir voru námssamningar við einstaka starfsmenn sem uppfylltu skilyrði þess efnis að starfsmaður fær afslátt á vinnuskyldu í staðlotum ásamt því að stunda nám á vettvangi án þess að launin skerðist. Þeir starfsmenn sem geta sótt um styrk samkvæmt þeim samningi eru:

- Starfsmenn sem hyggjast hefja nám í leikskólakennarafræðum/leyfisbréf
- Starfsmenn sem vilja hefja diplómanám í aðstoðarleikskólakennaranámi
- Starfsmenn sem vilja hefja nám í leikskólalabru Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi

Tillaga þessa minnisblaðs er að enn frekar verði bætt í námssamninga leikskóla Hafnarfjarðar. Með það fyrir augum að auka faghlutfall á leikskólum og auðvelda starfsfólki leikskóla að sækja sér menntun samhliða vinnu sinni á leikskólum bæjarins. Með tilliti til þessa eru lögð fram eftirfarandi tillaga að breytingum á námssamningum, í fimm liðum:

1. „Starfsmaður skal hafa að lágmarki þriggja mánaða starfsreynslu í leikskóla í Hafnarfirði og vera í að lágmarki 50% starfshlutfalli. Starfsmaður þarf að sækja um styrk til náms á þar til gerðu eyðublaði í samvinnu við leikskólakennara/leikskólastjóra og hafa frá honum meðmæli“
2. „Starfsmenn í leikskólakennarafræðum, í diplómunámi, í aðstoðarleikskólakennaranámi eða háskólamenntaðir starfsmenn sem vilja bæta við sig námi með það að markmiði að ná sér í leyfisbréf sem leikskólakennari geta einnig sótt um styrk fyrir skrásetningargjöldum og námsbókum þar sem styrkveiting nemur allt að 100.000 kr. á ári. Styrkur vegna skrásetningargjalds er veittur ef viðkomandi á þess ekki kost að sækja um styrk til síns stéttarfélags. Allar greiðslur eru gegn framvísun kvittana“.

Kostnaður: 1,6 milljónir kr. á einu skólaári miðað við fjölda núverandi nema á samningi.

3. „Starfsmenn í staðnámi/fjarnámi í leikskólakennarafræðum geta tekið launað leyfi í allt að sex vikur eða 30 virka daga á ári í allt að fimm ár á vegna námsins. Jafnframt fá starfsmenn 5% viðbótarhlutfall á námstíma séu þeir í hlutastarfi á þeim forsendum að gera megi auknar faglegar kröfur á viðkomandi“.

Þeir starfsmenn sem nú nýta sér námssamning eru allir í fullu stöðugildi svo ekki myndi reyna á þennan hluta að svo stöddu.

4. „Starfsmenn sem starfa á leikskólum Hafnarfjarðar fá greiddar eingreiðslur að upphæð 50.000 kr. fyrir hverja lokna námsönn í leikskólakennaranámi. Fjárveiting miðast við 20 einstaklinga að hámarki á ári og skilum á einingafjölda“.

Kostnaður: 1.000.000 kr. á einu skólaári.

5. Snýr að starfsfólki sem sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara:

„Starfsmenn sem hyggjast sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara geta tekið launað leyfi í allt að sex vikur eða 30 virka daga vegna mætinga í staðbundinn hluta náms og í verknám í allt að þrjú ár. Jafnframt fá starfsmenn viðbótarhlutfall 5% á námstíma að því gefnu að þeir séu í hlutastarfi með námi, þ.e. ef starfsmaður er að lágmarki í 50% stöðu þá fær hann 55% laun á meðan á náminu stendur á þeim forsendum að hægt sé að gera til hans auknar faglegar kröfur. Fjárveiting miðast við 10 starfsmenn á ári“.

Kostnaður: 1.000.000 kr. á einu skólaári.

Samanlagður kostnaður á einu ári miðað við þá námssamninga sem nú eru í gildi og að allir nemar nýti sér þessa leið er áætlaður 3,5 - 4,5 milljónir á ársgrundvelli. Sú fjárhæð miðast við meðaltal þeirra starfsmanna sem nýtt hafa námssamninga hjá Hafnarfjarðarbæ undanfarin ár.

Rekstur 4110-4013 er undir áætlun þar sem minni kostnaður er við þjónustugjöld vegna hugbúnaðar og tölvumála á sviðinu og rúmar þessa kostnaðaraukningu við breytingar á námssamningum á fjárhagsárinu 2019 innan þeirrar áætlunar. Til framtíðar yrði sú fjárhæð sett í námssamninga. Því er óskað eftir að áætlun 4110-4013 vegna breytinga á námssamningum í leikskólum greiði þennan viðbótarkostnað og að málinu sé vísað til viðaukagerðar.

Mikilvægt er að hækka faghlutfalli í leikskólunum. Núverandi hlutfall er 27% faglærðra (leikskólakennaramenntaðra með leyfisbréf) og 17% með aðra háskólamenntun. Aðrir starfsmenn eru ófaglærðir. Þetta er grunnurinn að metnaðarfullu og faglegu leikskólastarfi.

Tekið saman af:

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs.

Jenny Dagbjört Gunnarsdóttir

Jenny Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúa leikskóla